

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
setningu Jafnréttisdaga. Haldið á Háskólatorgi mánudaginn 1.
október 2018 kl. 12.**

Góðir gestir. Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til setningar Jafnréttisdaga 2018.

Í Stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021 segir að jafnrétti sé eitt af þremur grunngildum Háskóla Íslands. Er þetta útlistað þannig að jafnrétti sé “leiðarljós í starfi skólans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu”. Í þessari yfirlýsingu felst skuldbinding og hana tökum við alvarlega.

Segja má að skipulegt jafnréttisstarf hafi hafist fyrir alvöru við Háskóla Íslands fyrir um tveimur áratugum síðan, en jafnréttisnefnd háskólaráðs var fyrst skipuð árið 1998 og fyrsta formlega jafnréttisáætlun Háskóla Íslands leit dagsins ljós árið 2000. Mikið starf hefur verið unnið í þessum málaflokki við Háskóla Íslands á umliðnum 20 árum og er óhætt að segja að jafnréttismál hafi öðlast sess sem miðlægur þáttur í starfseminni og að jafnréttisstarf standi nú með miklum blóma, jafnt í kennslu, rannsóknum, stjórnslu og stoðþjónustu. Svo dæmi séu tekin er jafnréttisnefnd háskólaráðs ein af fastanefndum ráðsins, auk þess sem starfræktar eru

jafnréttisnefndir á öllum fræðasviðum, í sameiginlegri stjórnsýslu og á vettvangi Stúdentaráðs. Þá starfar jafnréttisfulltrúi við Háskólann í fullu starfi og til að undirstrika mikilvægi jafnréttismála fyrir Háskólann í heild sinni er hann hluti af starfsteymi rektorsskrifstofu. Þá líður vart sú vika að ekki séu í boði opnir fyrirlestrar, málþing eða ráðstefnur sem með einum eða öðrum hætti tengjast jafnréttismálum og má í því sambandi nefna Jafnréttisdagana sérstaklega. Síðast en ekki síst fer fram fjölbreytt grasrótastarf á sviði jafnréttismála víða í háskólasamfélaginu, ekki síst að frumkvæði nemenda. Ekki má gleyma að Háskóli Íslands býður upp á mörg námskeið á sviðinu og helstu sérfræðingar landsins starf og rannsaka við skólann. Þessi upptalning er ekki tæmandi, en hún gefur nokkra hugmynd um það gróskumikla jafnréttisstarf sem fram fer innan Háskóla Íslands.

Góðir gestir. Jafnréttisdagar voru fyrst haldnir árið 2009 og er því nú efnt til þeirra í 10. sinn og hafa fyrir löngu öðlast fastan sess sem árlegur viðburður í háskólasamfélaginu.

Upphaflega voru Jafnréttisdagar haldnir í Háskóla Íslands eingöngu, en smám saman hafa þeir orðið að samstarfsverkefni allra sjö háskólanna á Íslandi og skipuleggur hver þeirra dagskrá á sínum

vettvangi. Þar koma að jafnréttisfulltrúar skólanna sem og fulltrúar stúdenta og hinir ýmsu sérfræðingar úr starfsliði háskólanna.

Á Jafnréttisdögum eru jafnréttismál skoðuð í sinni víðustu mynd og tvinnaðar saman hinar ýmsu víddir jafnréttis og femínisma – í tengslum við fjölbreytileika, forréttindi, þöggun, jafnréttisbaráttu, vald og mismunun, svo dæmi séu nefnd.

Meðal viðburða á Jafnréttisdögum í Háskóla Íslands í ár má nefna kynningar á rannsóknarverkefnum á sviði jafnréttis, málþing um #metoo og kynjað vald í akademíunni, hinsegin fólk og rannsóknir, fyrirlestur um fötlun sem hluta af margbreytileika háskólasamfélagsins, erindi um konur í hópi innflytjenda í tengslum við #metoo frásagnir, aðgengi fatlaðs fólks á háskólasvæðinu, og margt fleira.

Með Jafnréttisdögum í háskólum landsins er leitast er við að skapa opna umræðu og aukinn skilning á jafnrétti ásamt því að gera jafnréttismálin sýnilegri og virkja slagkraft þeirra fjölmörgu aðila sem vinna að jafnrétti. Punkturinn yfir i-ið verður svo veglegt lokapartí á Kex á föstudagskvöld þar sem fram koma Bríet, Gógó Starr, Milkywhale, Árný og Gróa.

Ég vil að að lokum þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í undirbúningi Jafnréttisdaga fyrir þeirra framlag til þess gera úr garði jafn glæsilega dagskrá og raun ber vitni. Of langt mál er að telja þá alla upp hér, en eins og ég nefndi áðan hafa Jafnréttisdagar á síðustu árum verið samstarfsverkefni allra íslensku háskólanna.

Góðir gestir, ég segi Jafnréttisdaga 2018 setta og óska okkur öllum þess að við megum hafa gagn og gaman af dagskrá þeirra næstu fimm daga!